



MIÐVIKUDAGUR 15. ÁGÚST 2018

Lífsstíll

Krakkaklúbburinn Krummi tekur til starfa



Ragnheiður Vignisdóttir er verkefnastjóri Krakkaklúbbsins Krumma en starfsemi klúbbsins hefst í Listasafni Íslands á Menningarnótt. MYND/ÞÓRSTEINN

Listasafn Íslands hefur lengi verið með virkt barnastarf þar sem viðburðir eru skipulagðir í tengslum við sýningar safnsins. Nú hefur verið ákveðið að stofna krakkaklúbb til að efla barnastarfið og auðvelda fjölskyldum að skipuleggja sig í kringum það.

Brynhildur
Björnsdóttir

brynhildur@frettabladid.is



Ragnheiður Vignisdóttir hefur haldið utan um barnastarfsafnsins undanfarin tvö ár. „Síðastliðna mánuði hefur safnið verið að móta ákveðna framtíðarsýn fyrir skipulagt barnastarf í Listasafni Íslands og felst hún meðal annars í því að starfið fái sérstakt nafn og lógó,“ segir Ragnheiður. „Öll starfsemi sem tengist börnum, viðburðir, smíðjur og fræðsla verður römmuð inn undir sama nafninu og merkinu, Krakkaklúbburinn Krummi. Þannig viljum við lyfta barna- og fjölskyldustarfinu í Listasafni Íslands á ákveðinn gæðastall þar sem fólk gengur að fjölbreyttri og vandaðri starfsemi.“

Hún segir að starfsemi klúbbsins verði einkum um helgar. „Krummi mun standa fyrir fjölbreyttri dagskrá í hverjum mánuði þar sem börnum er boðið að fræðast um listaverkin í safneign Listasafnsins, skapa listaverk og leika sér í nærandi umhverfi. Tenging við sýn-

ingar og starfsemi safnsins er ávallt höfð að leiðarljósi við dagskrárgerð Krakkaklúbbsins Krumma. Dagskrá verður gefin út tvisvar sinnum á ári og viðburðir verða endurteknir tvisvar sinnum í sama mánuði, bæði þannig að fleiri komist að og líka til þess að nýta vel þá þekkingu og undirbúningsvinnu sem liggur að baki hverjum viðburði.“

Ragnheiður segir markmið klúbbsins vera fjölbreytt. „Með þessu erum við að vonast til þess að festa í sessi það skemmtilega barna- og fjölskyldustarf sem hefur verið unnið í Listasafni Íslands. Starfið hefur verið mjög vel sótt og mikill áhugi hjá fjölskyldum að koma á safnið. Við vonum að Krakkaklúbburinn Krummi verði fastur liður í huga foreldra og barna og verði því starfandi til lengri tíma. Með því vonum við að safnið verði virkur þátttakandi í barnamenningu á Íslandi.“ Meðal þess sem verður á dagskránni hjá Krumma á haustmánuðum er viðburðurinn Dýr, furðuverur og spúandi eldfjöll í tengslum við sýninguna Véfréttir – Karl Einarsson Dunganon og einnig verður kennsla í skrift á skinn

með fjaðrapenna og jurtableki í nóvember. Það skal tekið fram að klúbburinn er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Þá er með stofnun krakkaklúbbsins enn fremur verið að heiðra minningu Ásgerðar Búadóttur myndlistarmanns. „Með stofnun krakkaklúbbsins vill Listasafn Íslands heiðra Ásgerði Búadóttur myndlistarmann með því að nota klippimyndir úr barnabókinni Rauði hatturinn og Krummi eftir Ásgerði sem innblástur og merki barnastarfsins. Þess verður ávallt getið í útgefnum kynningarbæklingi hvaðan nafnið og lógóið sé komið, en safnið hefur fengið leyfi frá höfundaréttarhöfum til þess að nota myndirnar.“

Formleg opnun klúbbsins er á Menningarnótt, 18. ágúst, kl. tvö en þá munu börn úr barnakór Ísaksskóla flytja lög um krumma undir yfirskriftinni Krummi krunkar í Listasafni Íslands undir stjórn Sunnu Karenar Einarsdóttur.

Allar nánari upplýsingar um Krakkaklúbbinn Krumma má finna á listasafn.is.

FYRIR OKKUR

Sérvalið fyrir íslenskar aðstæður.
Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is